**Breytingartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna**

Lagt er til að boðið verði upp á táknmál sem valgrein í grunnskóla í öllum hverfum Reykjavíkur skólaárið 2020-2021. Gengið verði til samstarfs við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra um fyrirkomulag og inntak námsins. Einnig verði boðið upp á námskeið fyrir kennara í grunnskólum Reykjavíkurborgar til að styðja þá kennara sem vilja taka upp táknmálskennslu í sínum námshópum.